

Brautarholt, 24. mars 2019

Erindi berist sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Bygging á allt að tveimur nýjum íbúðum í þéttbýliskjörnum við Árnes og í Brautarholti.

Fyrir hönd Selásbygginga ehf. kt. 691102-4590 óska ég eftir byggingalóð undir byggingu íbúðar parhúss/ raðhúss við Vallarbraut 2 og 4 Brautarholti og raðhúss við Heiðargerði 1. Félagið óskar jafnframt að taka þátt í að byggja nýjar íbúðir í þéttbýliskjörnum sveitafélagsins. Þar eru hugmynd Selásbyggingar ehf. um að byggja íbúðir með / eða án bílskúra á milli íbúða sem eru á bilinu 25-34 ferm. (3-4 herbergja íbúðir). Byggt verður í samræmi við nýtingarhlutfall lóðar, þó ekki stærra en 170-280 ferm. Hönnun íbúða verður samkvæmt fyrir liggjandi deiluskipulagi fyrir Árnes og Brautarholts.

Undirritaður hefur farið á einn óformlegan fund með sveitastjóra Kristófer A Tómassyni og oddvita Björgvini Skafta Bjarnasyni og skoðað með þeim fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi í Árnesi og Brautarholti. Ég fékk góða hvatningu með þessi áform og getur það leitt til frekari framkvæmda á svæðinu af minni hálfu, þ.e. ef áhugi er fyrir hendi. Á fundinum var ég upplýstur um gatnagerðargjöld og inntaksgjöld.

Reiknað verður með því að íbúðirnar verði fullbyggðar fyrir sölu eða leigu ef sala liggur ekki fyrir á byggingartíma.

Góð vilyrði eru fyrir fjármögnun frá viðskiptabanka Selásbygginga ehf.

Það mun styrkja fjármögnunina ef erindið verður afgreitt jákvætt. Enn áhugaverðara væri ef fyrir lægi leigusamningur eða kaupsamningur á íbúð fyrir sveitafélagið í upphafi.

Virðingafyllst,

f.h.

Selásbyggingar ehf.

Hákon Páll Gunnlaugsson

A. Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.

Selásbyggingar ehf. var stofnað árið 2002, af Hákonni Páli Gunnlaugssyni húsasmíðameistara. Fyrirtækið hefur starfað við almennar byggingaframkvæmdir síðan þá, að undanskildu árið 2013 þegar starfsemi lá að mestu niðri. Fyrirtækið hefur byggt fyrir sveitarfélög sem dæmi, viðbygging við Bláskógarskóla Reykholti 2005, byggingu dæluhúss fyrir heitaveitu Bláskógarveitu 2015. Í dag erum við að byggja raðhús í Bugðugerði 3a, b og c. Árnesi alverk þ.e. fullbúið hús ásamt lóðar-frágang. Starfsmannafjöldinn hefur á þessum tíma verið á bilinu 2-12, að mestu faglærðir trésmiðir og byggingameistarar. Gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins er til staðar og unnið í samræmi við lög og reglum Mannvirkjastofnun.

B. Upplýsingar

Umsjón- og byggingarstjóri er Selásbyggingar ehf. Byggingarstjóri Karen Kristjana Ernstsóttir Ábyrgðamaður með öllum verkum er Hákon Páll Gunnlaugsson húsasmíðameistari og byggingastjóri.

Hákon hefur yfir 29 ára reynslu við byggingaframkvæmdir.

C. Upplýsingar um hvernig Selásbyggingar hyggst tryggja að alltaf sé hægt að kalla eftir þjónustu.

Selásbyggingar ehf. hafa frá upphafi tileinkað sér persónulega þjónustu við viðskiptavinum sínum og hafa veitt lipra þjónustu.

Starfsstöð fyrirtækisins er í Árnesi og Brautarholti, eins er efnislager í Ölfussi og Reykholti.

Aðal þjónustuaðili er Hákon Páll Gunnlaugsson húsasmíðameistari (894 4142), en að auki verður ávallt starfsmaður á bakvakt sem sinnt getur útköllum í forföllum hans.